


Gróðurkort af Þjórsárverum

Eva G. Þorvaldsdóttir og Guðmundur Guðjónsson

Unnið fyrir Landsvirkjun

NÍ-99006

Reykjavík, júní 1999



EFNISYFIRLIT

	Bls.
1 INNGANGUR	3
2 KORTAGERÐ	3
3 GRÓÐURGREINING	4
3.1 Gróðurkort - Gróðurhverfi	5
3.2 Gróðurkort - Gróðurlendi	6
3.3 Gróðurkort - Gróðurþekja	6
3.4 Freðmýrarústir	6
4 FLATARMÁL GRÓÐURLENDNA	7
5 RITASKRÁ	13

TÖFLUR

1. tafla. Flatarmál gróðurlenda af gróðurkortum Þjórsárvera, flatarmál gróðurlenda í friðlandi Þjórsárvera og þau svæði sem fara undir vatn við 579 m vatnshæð áætlaðs lóns við Norðlingaöldu (A), svæði sem fara undir vatn innan friðlandsins við 579 m vatnshæð áætlaðs Norðlingaöldulóns (B) og gróðurlendi sem fara undir vatn við áætlaðan 6. áfanga Kvíslaveitu (C).	8
2. tafla. Flatarmál gróðurlenda í friðlandi Þjórsárvera, Hnífárveri sunnan Hnífár, Tjarnaveri, Oddkelsveri og Illaveri.	9
3. tafla. Flatarmál gróðurlenda í friðlandi Þjórsárvera, sunnan Sóleyjarhöfða, í Þúfuveri og Eyvindarkofaveri innan friðlandsins.	10
4. tafla. Flatarmál gróðurlenda í friðlandi Þjórsárvera, Múlaveri, Arnarfellsveri og Þjórsárkvíslaveri innan friðlandsins.	11
5. tafla. Flatarmál gróðurlenda í friðlandi Þjórsárvera, í Eyvindarkofaveri utan friðlandsins og í Þjórsárkvíslaveri utan friðlandsins.	12
6. tafla. Flatarmál lands með mismunandi gróðurþekju á gróðurkortum Þjórsárvera og innan friðlands Þjórsárvera auk þess svæði með freðmýrarústir á gróðurkortum af Þjórsárverum.	12

KORT SEM FYLGJA Í VASA

Gróðurkort af Þjórsárverum - Gróðurhverfi (1:40.000)
Gróðurkort af Þjórsárverum - Gróðurhverfi - Lónstæði (1:40.000)
Gróðurkort af Þjórsárverum - Gróðurhverfi - Syðri hluti (1:25.000)
Gróðurkort af Þjórsárverum - Gróðurhverfi - Nyðri hluti (1:25.000)
Gróðurkort af Þjórsárverum - Gróðurlendi (1:50.000)
Gróðurkort af Þjórsárverum - Gróðurlendi - Lónstæði (1:50.000)
Gróðurkort af Þjórsárverum - Gróðurþekja (1:50.000)
Rústasvæði í Þjórsárverum - Freðmýrarústir vestan Þjórsár, kortlagðar 1972 (1:25.000)

1 INNGANGUR

Landsvirkjun fór þess á leit við Náttúrufræðistofnun Íslands að gert yrði stafrænt gróðurkort af Þjórsárverum. Hugmyndin var að tölvusetja áður útgefin gróðurkort af Þjórsárverum (Rannsóknastofnun landbúnaðarins 1967a, 1967b, 1967c, 1969a og 1969b) á kortagrunn Orkustofnunar. Verkið fælist í skönnun og vigrun gróðurkorta, tölvuvinnslu í landupplýsingakerfi, flatarmálmælingu gróðurlenda og birtingu á niðurstöðum. Samkomulag var um að verkið hæfist í janúar 1999. Samstarfsmaður og tengiliður fyrir hönd Landsvirkjunar var Huguína Gunnarsdóttir.

Stafræna gróðurkortinu nær yfir friðlandið í Þjórsárverum og næsta nágrenni þess. Friðlandið er 364 km² að stærð og er gróður kortlagður í því öllu en í norðvesturhlutanum er gróðurlítið eða gróðurlaust land sem ekki er landgreint, samtals 93 km².

Prentuð eru átta gróðurkort með mismunandi nákvæmum upplýsingum um gróðurfarið og í mismunandi mælikvarða (sjá kort í vasa). Gróðurkort sem sýna gróðurhverfi eru fjögur, öll unnin á myndkort í mælikvarða 1:40.000 eða 1:25.000 með eða án áætlaðra lónstæða við Norðlingaöldu og 6. áfanga Kvíslaveitu. Gróðurkort sem sýna gróðurlendi eru tvö í mælikvarðanum 1:50.000 ýmist með eða án áætlaðra lónstæða við Norðlingaöldu og 6. áfanga Kvíslaveitu. Kort sem sýnir gróðurþekju er í mælikvarða 1:50.000. Auk þess er sérstakt kort í mælikvarða 1:25.000 sem sýnir svæði með freðmýrarústum sem kortlagðar voru árið 1972. Flatarmál gróðurlenda er reiknað fyrir gróðurkortinu í heild, áætluð lónstæði, friðlandið og minni svæði innan þess skipt eftir verum.

2 KORTAGERÐ

Í fyrstu var ætlunin að tölvusetja áður útgefin gróðurkort Rannsóknastofnunar landbúnaðarins (RALA) af Þjórsárverum í mælikvarða 1:40.000 á kortagrunn Orkustofnunar í mælikvarða 1:20.000. Skönnun og vigrun gróðurkorta var í umsjón kortagerðarfyrirtækisins Ísgrafs ehf. Vörpun gróðurkorta, sem teiknuð höfðu verið á kortagrunn A.M.S. frá því um 1950 ofan á kortagrunn Orkustofnunar, gekk ekki sem skyldi. Þrátt fyrir að kortagrunnur Orkustofnunar væri nákvæmari en kortagrunnur gróðurkorta RALA, kom í ljós að vatnasvið svæðisins hafði breyst of mikið til þess að vörpun á milli kortagrunna gæti talist viðunandi.

Um svipað leyti var Ísgraf ehf. að vinna að gerð myndkorts af meginhluta Þjórsárvera þar sem notaðar voru litloftmyndir frá Loftmyndum ehf. sem teknar voru sumarið 1998. Ákveðið var að nota þetta myndkort í stað kortagrunns Orkustofnunar. Með því að nota myndkortinu er hægt að staðsetja kortlagðan gróður með meiri nákvæmni og endurskoða breytingar sem orðið hafa á gróðri á þeim tæplega fjórum áratugum sem liðnir eru frá því að gróður- og landgreiningin fór fram. Myndkortinu var tilbúið í byrjun mars 1999.

Þegar byrjað var að yfirfæra gróðurkort RALA á myndkortid kom fljótlega í ljós að best væri að endurteikna sérhvern gróðurreit eftir þeim skilum í gróðri sem sjá mátti á myndkortinu. Gróðurkort RALA voru því endurteiknuð á myndkort í lit og um leið endurskoðuð. Við endurskoðunina var stuðst við gróðurgreiningu af Þjórsárverum sem Líffræðistofnun Háskóla Íslands gerði árin 1974, 1981 og 1982. Einnig var notað gróðurkort af fyrirhuguðu lónstæði við Norðlingaöldu (Hörður Kristinsson o.fl. 1997a og 1997b). Auk þess voru innrauðar loftmyndir hafðar til hliðsjónar, en þær voru teknar árið 1985 af Landmælingum Íslands.

Myndkortid nær yfir meginhluta Þjórsárvera en fyrir norðan og vestan Nautöldu er að finna gróður sem er utan myndkortsins en innan friðlandsins. Sá gróður er tekinn beint upp af gróðurkortum RALA án endurskoðunar.

Stafræna gróðurkortid er prentað á tvenns konar kortagrunna annars vegar á myndkort og hins vegar á kortagrunn byggðan á DMA kortum 1913-IV og 1914-III í mælikvarða 1:50.000 og kortum Landsvirkjunar 1914-II-NV og 1914-II-SV í mælikvarða 1:25.000.

Stafræna gróðurkortid var unnið af Sigrúnu Jónsdóttur og Einari Gíslasyni í Microstation teiknikerfi frá Bentley og IrasC teiknikerfi frá Intergraph. Hreinsun tölvugagna var unnin af Sigrúnu Jónsdóttur í Geographer frá Bentley. Gagnagrunnsvinnsla, útlit og frágangur var unnin af Hans H. Hansen í ArcInfo og ArcView landupplýsingakerfi frá ESRI. Við töflur og skýrslugerð unnu Eva G. Þorvaldsdóttir og Guðmundur Guðjónsson.

3 GRÓÐURGREINING

Eins og að framan greinir er meðfylgjandi gróðurkort af Þjórsárverum byggt á gróðurkortum RALA í mælikvarðanum 1:40.000, sem gefin voru út árin 1967 og 1969, en vettvangsvinna við þau var unnin á árunum 1962 - 1964. Kortblað 231 (Þjórsárver) er nánast allt notað og hluti af kortblöðum 230 (Arnarfell), 232 (Kjalvötn), 250 (Tómasarhagi) og 251 (Hágöngur) (Rannsóknastofnun landbúnaðarins 1967a, 1967b, 1967c, 1969a og 1969b).

Stafræna gróðurkortid var endurskoðað eins og áður segir og var fyrst og fremst stuðst við gróðurgreiningu Líffræðistofnunar Háskólans árin 1974, 1981 og 1982, sem Hörður Kristinsson grasfræðingur hafði umsjón með. Gróðurlykill Harðar Kristinssonar og lýsing á einstökum gróðurflokkum kemur fram í skýrslu Náttúrufræðistofnunar Íslands um gróðurfur á áhrifasvæðum Norðlingaöldumiðlunar í Þjórsárverum (Kristbjörn Egilsson og Hörður Kristinsson 1997). Einnig er sami gróðurlykill notaður á gróðurkortu af fyrirhuguðu lónstæði við Norðlingaöldu (Hörður Kristinsson o.fl. 1997a og 1997b).

Gróðurlykill Harðar Kristinssonar er verulega frábrugðinn þeim sem notaður er á gróðurkortum RALA enda sniðinn sérstaklega að gróðurfari Þjórsárvera á meðan gróðurlykill RALA er miðaður við gróður á landinu öllu. Auk þess er gróðurgreining Harðar Kristinssonar miðuð við kortlagningu í mælikvarðanum 1:10.000 en gróðurkort

RALA eru kortlögð í mælikvarðanum 1:36.000. Það getur verið vandasamt að fella gróðurgreiningu Harðar Kristinssonar inn í gróðurlykil sem notaður er á gróðurkortum RALA. Gróðurgreining Harðar Kristinssonar er einkum frábrugðin að því leyti að vægi ýmissa mosategunda er mun meira, einnig eru einstök gróðurlendi greind niður í fleiri gróðursamfélög en á gróðurkortum RALA. Þrátt fyrir mismunandi gróðurlykla er skipting þeirra niður í gróðurlendi mjög sambærileg, þó vantar bæði graslendi og blómlendi í gróðurlykil Harðar. Graslendi er þar flokkað með mólendi og er kallað rofagróður og blómlendi er flokkað með snjóðældagróðri sem blágresisdæld.

Þar sem gróður kemur greinilega fram á loftmyndunum frá 1998 en ekki á gróðurkortum RALA frá 1967 og 1969, er hann teiknaður og gróðurgreindur eftir loftmyndum Harðar Kristinssonar. Sá gróður sem einkum bætist við eru nýgræður með grösom og mosagróður ýmiss konar, einna helst hélumosi (snjómosi). Svæði með nýgræður eru einkum sunnan undir Arnarfelli hinu mikla. Nokkrar breytingar voru gerðar á einstökum gróðursamfélögum einkum var vægi hengistarar í flóum og mýrum aukið, en samanburður leiddi í ljós að sennilega hafa svæði með hengistör verið vanmetin á gróðurkortum RALA.

Á myndkortinu sést greinilega að talsverð sjálfgræðsla hefur átt sér stað frá því að vettvangsvinna fyrir gróðurkort RALA var unnin á árunum 1962 - 1964. Gróðurþekju var breytt þar sem greinilega sást á myndkortu og innrauðum loftmyndum að hún hafði aukist miðað við gróðurkort RALA. Var þá stuðst við mat á gróðurþekju af loftmyndum Harðar Kristinssonar. Nokkrar breytingar hafa orðið á ám og farvegum frá því gróðurkort RALA voru teiknuð og eru ár og árfarvegir endurteiknaðar eftir hinu nýja myndkortu. Ár eru ekki greindar frá blautum áreyrum vegna þess hve farvegur þeirra er breytilegur.

Æskilegt væri að fylgja þessu nýja stafræna gróðurkortu Þjórsárverum eftir með því að sannreyna á vettvangi á komandi sumri þær breytingar sem gerðar eru á gróðurgreiningunni.

3.1 Gróðurkort - Gróðurhverfi

Gróðurkort sem Rannsóknastofnun landbúnaðarins (RALA) hefur gefið út eru byggð á gróðurhverfum (Steindór Steindórsson 1981). Skilgreind gróðurhverfi á gróðurkortum voru endurskoðuð árið 1993 og eru núna notuð við gerð gróðurkorta hjá Náttúrufræðistofnun Íslands. Gróðurhverfi er ein nákvæmasta gróðurgreining sem sýnd er á gróðurkortum. Auk skilgreindra gróðurhverfa koma fram upplýsingar um gróðurþekju, svæði með freðmýrarústum og ef svæði er með tvö eða fleiri óaðgreinanleg gróðurhverfi. Stafræna gróðurkortuð af Þjórsárverum hefur að geyma 37 gróðurhverfi. Prentuð eru fjögur gróðurkort sem sýna gróðurhverfi, öll teiknuð á myndkort í mælikvarða 1:40.000 eða 1:25.000 með eða án áætlaðra lónstæða við Norðlingaöldu og 6. áfanga Kvíslaveitu (sjá kort í vasa). Fyrirhugað miðlunarlón við Norðlingaöldu miðast við 579 m vatnshæð.

3.2 Gróðurkort - Gróðurlendi

Stafræna gróðurkortíð með gróðurhverfum er einfaldað þannig að skyld gróðurhverfi mynda gróðurlendi. Í Þjórsárverum eru 9 gróðurlendi: mosagróður, mólendi, graslendi, snjódæld, blómlendi, hálfdeigja, mýri, flói og bersvæðisgróður. Land sem er lítt eða ógróið (gróðurþekja < 10%) er kallað bersvæðisgróður og er það auðkennt eftir undirlagi. Gróðurþekja er ekki skilgreind fyrir gróðurlendi nema hjá bersvæðisgróðri. Þegar land er greint með tvö eða fleiri gróðurhverfi þá ræður fyrsta gróðurhverfið gróðurlendinu. Gróðurlendi á ákveðnu svæði getur því skipst niður í mismunandi gróðurhverfi með mismikilli gróðurþekju. Gróðurkort af Þjórsárverum sem sýna gróðurlendi eru tvö í mælikvarða 1:50.000, ýmist með eða án áætlaðra miðlunarlóna við Norðlingaöldu og 6. áfanga Kvíslaveitu. Fyrirhugað miðlunarlón við Norðlingaöldu miðast við 579 m vatnshæð. Á gróðurkortum með fyrirhuguðum miðlunarlönnum er auk þess skipting friðlandsins eftir verum (sjá kort í vasa).

3.3 Gróðurkort - Gróðurþekja

Þegar gróður er greindur í gróðurhverfi er gróðurþekjan jafnframt metin með sjónmati. Land telst vera algróið ef þekjan er 90 - 100%. Þegar land er með skerta gróðurþekju er það greint niður í fjóra þekjuflokka. Í fyrsta lagi land sem hefur að meðaltali 75% gróðurþekju, táknað með x á gróðurkortum, í öðru lagi land sem er með að meðaltali 50% gróðurþekju, táknað með z, í þriðja lagi land sem hefur að meðaltali 25% gróðurþekju, auðkennt með þ á gróðurkortum, í fjórða lagi bersvæðisgróður með minni en 10% gróðurþekju. Bersvæðisgróður er gróðurlítið og oft gróðurlaust land á melum, moldum, söndum, áreyrum og í grýttu landi. Gróðri má skipta í tvo hópa eftir rakastigi jarðvegs í þurrlendi og votlendi. Þurrlendisgróður í Þjórsárverum telst vera: mosagróður, mólendi, graslendi, snjódældir og blómlendi en votlendisgróður er: hálfdeigja, mýri og flói.

Eins og áður segir kemur gróðurþekja fram á gróðurkortum af Þjórsárverum sem sýna gróðurhverfi. Til þess að fá gleggri mynd af gróðurþekju á svæðinu er búið til sérstakt kort sem sýnir eingöngu gróðurþekju innan þurrlendis og votlendis og er það í mælikvarða 1:50.000 (sjá kort í vasa).

3.4 Freðmýrarústir

Í skýrslu um grasafræðirannsóknir í Þjórsárverum 1972 (Bergþór Jóhannsson o.fl. 1974) eru sýnd fjögur kort með freðmýrarústum sem öll liggja vestan Þjórsár. Rústakortunum var varpað á myndkort af Þjórsárverum og teiknuð í tölvu (sjá kort í vasa). Þegar rústasvæðin voru kortlögð sumarið 1972 var notaður sérstakur rústa- og gróðurlykill við verkið. Þar koma fram upplýsingar um þéttleika rústa og gróður í dældum milli rústa á rústakollum. Rústasvæðin voru teiknuð nær óbreytt af

rústakortunum, einungis þurfti að hnika til línun vegna breytts árfarvegjar. Þessi rústasvæði eru mjög sambærileg við kortlagðar freðmýrarústir á gróðurkortum RALA sem hér eru notaðar á gróðurkortum af Þjórsárverum.

4 FLATARMÁL GRÓÐURLENDA

Útreikningar á flatarmáli gróðurlenda eru byggðir á stafræna gróðurkortinu af Þjórsárverum. Flatarmál gróðurs er reiknað fyrir kortið í heild (1. tafla) og er þá miðað við að gróðurkortinu afmarkist af myndkortinu að viðbættum gróðri í norðvesturhlutanum. Friðland Þjórsárvera er samtals 364 km². Í norðvesturhluta friðlandsins vantar landgreiningu á 93 km² svæði, en það er land sem er gróðurlítið, gróðurlaust, ár, vötn eða jökull. (1. tafla). Reiknað er flatarmál gróðurs sem fellur innan fyrirhugaðra miðlunarlóna við Norðlingaöldu og 6. áfanga Kvíslaveitu (1. tafla). Flatarmálsútreikningar eru af öllu lónstæði við Norðlingaöldu miðað við 579 m vatnhæð og hluta þess sem lendir innan friðlandsins (1. tafla).

Á gróðurkortinu sem sýnir gróðurlendi og fyrirhuguð lónstæði (1:50.000) er friðlandinu skipt niður í minni svæði: Hnífárver sunnan Hnífár, Tjarnaver, Oddkelsver, Illaver, svæðið sunnan Sóleyjarhöfða, Þúfuver, Eyvindarkofaver, Múlaver, Arnarfellsver og Þjórsárkvíslaver. Flatarmál gróðurlenda fyrir einstök ver er reiknað. Til samanburðar er flatarmál gróðurlenda í öllu friðlandinu haft með (2. - 5. tafla). Hluti af Þjórsárkvíslaveri og Eyvindarkofaveri ná út fyrir friðland Þjórsárvera og því er sýnt flatarmál gróðurlenda sem liggja utan friðlandsins á þessum svæðum (5. tafla).

Útreikningar á flatarmáli gróðurs eftir gróðurþekju þurrlands og votlands er sýnd fyrir allt gróðurkortinu af Þjórsárverum og innan friðlandsins (6. tafla). Einnig kemur fram flatarmál lands með freðmýrarústum á öllu gróðurkortinu af Þjórsárverum (6. tafla).

1. tafla. Flatarmál gróðurlenda af gróðurkortí Þjórsárvera, flatarmál gróðurlenda í friðlandi Þjórsárvera og þau svæði sem fara undir vatn við 579 m vatnshæð áætlaðs lóns við Norðlingaöldu (A), svæði sem fara undir vatn innan friðlandsins við 579 m vatnshæð áætlaðs Norðlingaöldulóns (B) og gróðurlendi sem fara undir vatn við áætlaðan 6. áfanga Kvíslaveitu (C).

	Gróður- Friðland*		A	B	C
	km ²	km ²	km ²	km ²	km ²
Purrlendi:					
Mosagróður	39,699	26,259	3,820	0,673	0,344
Mólendi	28,830	20,032	4,064	2,148	0,167
Graslendi	1,878	1,457	0,447	0,304	
Snjóðæld	3,742	2,605	0,224	0,036	0,324
Blómlendi	0,024	0,024			
Purrlendi alls:	74,173	50,377	8,555	3,161	0,834
Votlendi:					
Hálfdeigja	3,105	1,724	1,047	0,173	
Mýri	23,452	21,631	0,470	0,314	0,192
Flói	21,990	19,663	1,270	0,890	
Votlendi alls:	48,546	43,018	2,786	1,377	0,192
GRÓIÐ LAND ALLS:	122,719	93,395	11,341	4,538	1,026
Lítt og ógróið land					
Bersvæðisgróður < 10% gróið:					
Melur	243,225	88,107	21,952	3,555	0,323
Moldir	0,140	0,107	0,000	0,000	
Sandur	0,040	0,029	0,029	0,029	
Stórgrýtt land	10,554	10,532	0,021		
Purrar áreyrar	16,691	3,660	0,312	0,239	2,350
Blautar áreyrar	73,104	43,995	14,351	9,808	0,966
LÍTT OG ÓGRÓIÐ LAND ALLS					
Bersvæðisgróður < 10% gróið:	343,754	146,429	36,665	13,632	3,639
Annað:					
Ár, vötn	15,182	10,874	0,429	0,020	
Jökull	24,895	20,788			
ANNAÐ ALLS:	40,078	31,662	0,429	0,020	0,000
Annað lítt og ógróið land, ár, vötn, jökull sem ekki er landgreint		93,000			
HEILDARFLATARMÁL	506,550	364,486	48,435	18,189	4,666

Skýringar:

* Friðland: Það vantar landgreiningu á 93 km² svæði í norðvesturhluta friðlandsins

A Svæði sem fara undir vatn við 579 m vatnshæð áætlaðs Norðlingaöldulóns

B Svæði sem fara undir vatn innan friðlandsins við 579 m vatnshæð áætlaðs Norðlingaöldulóns

C Svæði sem fara undir vatn við áætlaðan 6. áfanga Kvíslaveitu

2. tafla. Flatarmál gróðurlenda í friðlandi Þjósárvera, Hnífárveri sunnan Hnífár, Tjarnaveri, Oddkelsveri og Illaveri.

	Friðland*	Hnífár- ver	Tjarna- ver	Oddkels- ver	Illaver
	km ²	km ²	km ²	km ²	km ²
Purrlandi:					
Mosagróður	26,259	0,173	1,212	6,858	3,657
Mólandi	20,032	0,479	7,858	3,624	0,700
Graslandi	1,457	0,027	0,376		
Snjóðæld	2,605	0,023	0,206	1,630	0,164
Blómlandi	0,024				0,009
Purrlandi alls:	50,377	0,702	9,652	12,112	4,530
Votlandi:					
Hálfdeigja	1,724	0,276	0,071	0,403	
Mýri	21,631	0,775	3,779	2,261	8,041
Flói	19,663	0,010	3,789	7,173	1,587
Votlandi alls:	43,018	1,061	7,640	9,837	9,629
GRÓIÐ LAND ALLS:	93,395	1,763	17,292	21,949	14,159
Lítt og ógróið land					
Bersvæðisgróður < 10% gróið:					
Melur	88,107	7,983	22,309	5,139	6,596
Moldir	0,107	0,034	0,023	0,012	
Sandur	0,029				
Stórgrýtt land	10,532				
Purrar áreyrar	3,660		0,030	0,147	0,871
Blautar áreyrar	43,995	0,321	4,850	9,492	4,655
LÍTT OG ÓGRÓIÐ LAND ALLS					
Bersvæðisgróður < 10% gróið:	146,429	8,338	27,212	14,790	12,121
Samtals gróið land, lítt og ógróið	239,824	10,101	44,504	36,739	26,280

* Friðland: Það vantar landgreiningu á 93 km² svæði í norðvesturhluta friðlandsins

3. tafla. Flatarmál gróðurlenda í friðlandi Þjórsárvera, sunnan Sóleyjarhöfða, í Þúfuveri og Eyvindarkofaveri innan friðlandsins.

	Friðland*	Sóleyjar- höfði	Þúfuver	Eyvindar- kofaver
	km ²	km ²	km ²	km ²
Purrlendi:				
Mosagróður	26,259	1,437	2,386	1,068
Mólendi	20,032	1,635	2,052	1,247
Graslendi	1,457	0,876	0,178	
Snjóðæld	2,605	0,135	0,052	0,133
Blómlendi	0,024			
Purrlendi alls:	50,377	4,082	4,668	2,449
Votlendi:				
Hálfdeigja	1,724	0,260	0,019	0,394
Mýri	21,631	0,048	3,758	1,157
Flói	19,663		0,222	0,693
Votlendi alls:	43,018	0,308	3,998	2,244
GRÓIÐ LAND ALLS:	93,395	4,390	8,666	4,693
Lítt og ógróið land				
Bersvæðigróður < 10% gróið:				
Melur	88,107	17,172	13,028	6,789
Moldir	0,107		0,037	
Sandur	0,029		0,029	
Stórgrýtt land	10,532			
Þurrar áreyrar	3,660	0,304	0,011	0,122
Blautar áreyrar	43,995	2,645	6,180	2,446
LÍTT OG ÓGRÓIÐ LAND ALLS				
Bersvæðisgróður < 10% gróið:	146,429	20,120	19,286	9,356
Samtals gróið land, lítt og ógróið	239,824	24,510	27,952	14,049

* Friðland: Það vantar landgreiningu á 93 km² svæði í norðvesturhluta friðlandsins

4. tafla. Flatarmál gróðurlenda í friðlandi Þjórsárvera, Múlaveri, Arnarfellsveri og Þjórsárkvíslaveri innan friðlandsins.

	Friðland*	Múlaver	Arnar- fellsver	Þjórsár- kvíslaver
	km ²	km ²	km ²	km ²
Þurrlandi:				
Mosagróður	26,259	0,310	8,655	0,503
Mólandi	20,032	0,643	1,794	
Graslandi	1,457			
Snjóðæld	2,605		0,005	0,256
Blómlandi	0,024		0,015	
Þurrlandi alls:	50,377	0,953	10,469	0,759
Hálfdeigja	1,724		0,303	
Mýri	21,631	0,392	1,247	0,172
Flói	19,663	2,702	3,184	0,302
Votlandi alls:	43,018	3,094	4,734	0,473
GRÓIÐ LAND ALLS:	93,395	4,047	15,203	1,232
Lítt og ógróið land				
Bersvæðisgróður < 10% gróið:				
Melur	88,107	4,412	4,115	0,565
Moldir	0,107			
Sandur	0,029			
Stórgrýtt land	10,532	0,022	10,315	0,195
Þurrar áreyrar	3,660		1,122	1,053
Blautar áreyrar	43,995	0,748	10,759	1,899
LÍTT OG ÓGRÓIÐ LAND ALLS				
Bersvæðisgróður < 10% gróið:	146,429	5,182	26,311	3,712
Samtals gróið land, lítt og ógróið	239,824	9,229	41,513	4,944

* Friðland: Það vantar landgreiningu á 93 km² svæði í norðvesturlhuta friðlandsins

5. tafla. Flatarmál gróðurlenda í friðlandi Þjósárvera, í Eyvindarkofaveri utan friðlandsins og í Þjósárkvíslaveri utan friðlandsins.

	Friðland* km ²	Eyvindarkofaver utan friðlands km ²	Þjósárkvíslaver utan friðlands km ²
Purrlendi:			
Mosagróður	26,259	0,525	1,136
Mólendi	20,032	0,052	0,035
Graslendi	1,457		
Snjóðæld	2,605		
Blómlendi	0,024		
Purrlendi alls:	50,377	0,577	1,171
Votlendi:			
Hálfdeigja	1,724		
Mýri	21,631		0,621
Flói	19,663		
Votlendi alls:	43,018		0,621
GRÓIÐ LAND ALLS:	93,395	0,577	1,792
Lítt og ógróið land			
Bersvæðigróður < 10% gróið:			
Melur	88,107	6,704	1,869
Moldir	0,107		
Sandur	0,029		
Stórgrytt land	10,532		
Purrar áreyrar	3,660		3,019
Blautar áreyrar	43,995	0,014	4,124
LÍTT OG ÓGRÓIÐ LAND ALLS	146,429	6,718	5,993
Bersvæðisgróður < 10% gróið:			
Samtals gróið land, lítt og ógróið	239,824	7,295	7,785

* Friðland: Það vantar 93 km² svæði í norðvesturhluta friðlandsins

6. tafla. Flatarmál lands með mismunandi gróðurþekju á gróðurkortum Þjósárvera og innan friðlands Þjósárvera auk þess svæði með freðmýrarústir á gróðurkortum af Þjósárverum.

	Gróðurkort km ²	Friðland* km ²
Gróðurþekja > 90%	89,15	69,28
Gróðurþekja að meðaltali 75%	18,55	13,28
Gróðurþekja að meðaltali 50%	10,92	7,82
Gróðurþekja að meðaltali 25%	4,10	3,01
Gróðurþekja < 10%	383,84	178,09
HEILDARFLATARMÁL	506,55	271,48
Svæði með freðmýrarústir	31,83	

* Friðland: Það vantar 93 km² svæði í norðvesturhluta friðlandsins

5 RITASKRÁ

- Bergþór Jóhannsson, Hörður Kristinsson og Jóhann Pálsson 1974. Skýrsla um grasafraeðirannsóknir í Þjórsárverum 1972. Unnið fyrir Orkustofnun af Náttúrufræðistofnun Íslands. OS-ROD 7415. 153 bls.
- Hörður Kristinsson, Eva G. Þorvaldsdóttir, Guðmundur Guðjónsson, Hans H. Hansen, Sigrún Jónsdóttir og Einar Gislason 1997a. Gróðurkort af fyrirhuguðu lónstæði við Norðingaöldu, Suðurhluti. Náttúrufræðistofnun Íslands. Reykjavík.
- Hörður Kristinsson, Eva G. Þorvaldsdóttir, Guðmundur Guðjónsson, Hans H. Hansen, Sigrún Jónsdóttir og Einar Gislason 1997b. Gróðurkort af fyrirhuguðu lónstæði við Norðingaöldu, Norðurhluti. Náttúrufræðistofnun Íslands. Reykjavík.
- Kristbjörn Egilsson og Hörður Kristinsson 1997. Gróðurfur á áhrifasvæði Norðlingaöldumiðlunar í Þjórsárverum. Náttúrufræðistofnun Íslands. NÍ-97027. 39 bls.
- Rannsóknastofnun landbúnaðarins 1967a. Gróðurkort af Íslandi, blað 231 Þjórsárver (1:40.000). Rannsóknastofnun landbúnaðarins. Reykjavík
- Rannsóknastofnun landbúnaðarins 1967b. Gróðurkort af Íslandi, blað 230 Arnarfell (1:40.000). Rannsóknastofnun landbúnaðarins. Reykjavík
- Rannsóknastofnun landbúnaðarins 1967c. Gróðurkort af Íslandi, blað 232 Kjalvötn (1:40.000). Rannsóknastofnun landbúnaðarins. Reykjavík
- Rannsóknastofnun landbúnaðarins 1969a Gróðurkort af Íslandi, blað 250 Tómasarhagi (1:40.000). Rannsóknastofnun landbúnaðarins. Reykjavík
- Rannsóknastofnun landbúnaðarins 1967b. Gróðurkort af Íslandi, blað 251 Hágöngur (1:40.000). Rannsóknastofnun landbúnaðarins. Reykjavík
- Steindór Steindórsson 1981. Flokkun gróðurs í gróðurfélög. Ísl. landbún. 12,2:11-52.

